

Mánudaginn 24. ágúst 1981.

Nr. 13/1979. **Valdstjórnin**
 gegn
Ásgeiri Einarssyni.

Kærumál. Bráðabirgðaökuleyfissvipting úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Arngrímur Ísberg, fulltrúi sýslumannsins í Barðastrandar-sýslu, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 12. þ. m., sem barst Hæstarétti 20. þ. m., hefur varnaraðili með heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. XXI. kafla laga nr. 74/1974, skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur svo og ákvörðun lögreglustjóra um bráðabirgðaökuleyfissviptingu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Ekki hefur borist greinargerð frá ríkissaksóknara.

Fyrir dómi hafa verið yfirheyrð sjö vitni, sem hittu varnaraðilja kvöldið 30. júlí sl., áður en hann var stöðvaður við akstur sinn, auk Láru Jensdóttur, sem var farþegi í bifreiðinni. Ekkert þessara vitna kveðst hafa séð, að varnaraðili hafi verið með áfengisáhrifum.

Í lögregluskýrslu segir, að sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum varnaraðilja og augu hans verið vot og rauð, en þess ekki getið, að hann hafi borið þess merki að vera undir áhrifum áfengis.

Lögreglumaðurinn Pétur Sveinsson hefur borið fyrir dómi, að sterka áfengislykt hafi lagt frá vitum varnaraðilja. Ekki er að sjá, að lögreglumaðurinn hafi verið spurður um, hvort hann hafi séð áfengisáhrif á honum.

Fyrir dómi var bifreiðaeftirlitsmaðurinn Guðjón Guðmundsson inntur eftir því, hvort hann hefði séð áfengisáhrif á varnaraðilja, og svaraði hann því til, að magna áfengislykt hefði lagt frá vitum hans og augu verið rauð og eilítið vot.

Þegar virtir eru framangreindir vitnaframburðir og málsatvik, þykja eigi hafa verið efni til að svipta varnaraðilja ökuleyfi til bráðabirgða. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi svo og bráðabirgðaökuleyfisssviptingu lögreglustjórans í Barðastrandarsýslu 1. ágúst 1981.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur svo og framangreind bráðabirgðaökuleyfisssvipting.

Úrskurður sakadóms Barðastrandarsýslu 11. ágúst 1981.

Sýslumaður Barðastrandarsýslu ákvað þann 1. ágúst sl., að Ásgeir Einarsson, Sigtúni 6, Patreksfirði, skyldi frá og með þeim degi vera sviptur ökuleyfi til bráðabirgða, þar sem ætla mætti, að hann hefði þann 30. júlí sl. unnið til ökuleyfisssviptingar með því að aka bifreiðinni B 677 eftir að hafa neytt áfengis. Að kvöldi þessa sama dags höfðu lögreglumenn haft afskipti af honum skammt frá Litlu-Hlíð á Barðaströnd. Var sviptingin ákveðin með heimild í 6. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Með símkeyti, dags. 6. ágúst sl., mótmælti kærði þessari ákvörðun og krafðist úrskurðar dómara um hana.

Málavextir eru þeir, að fimmtudagskvöldið 30. júlí sl. voru Pétur Sveinsson lögreglumaður og Guðjón Guðmundsson bifreiðaeftirlitsmaður á ferð á Barðaströnd. Skammt fyrir innan Litlu-Hlíð stöðvuðu þeir bifreiðina B 677, sem er gul vöruflutningabifreið af MAN gerð, og höfðu tal af ökumanni hennar, Ásgeiri Einarssyni, Sigtúni 6, Patreksfirði, kærða í málinu. Samkvæmt skýrslu löggæslumannanna, sem þeir hafa staðfest fyrir sakadómi, bar kærði merki ölvunar. Áfengislykt lagði frá vitum hans, og augun voru rauð og vot. Öndunarsýni, sem tekið var af kærða, sýndi 4. stig. Þá er einnig fram komið af hálfu löggæslumannanna, að kærði viðurkenndi áfengisneyslu fyrir þeim, en kvaðst hafa drukkið mjög lítið. Þegar niðurstaða öndunarprufunnar lá fyrir, bað kærði lögreglumennina um að sleppa sér, en þeir tóku það ekki í mál. Hugðust þeir flytja hann í blóðtöku til Patreksfjarðar, og fór Guðjón Guðmundsson og ætlaði að ganga frá og læsa B 677. Honum tókst það ekki, og bauðst kærði þá til að læsa bifreiðinni. Er hann hafði gert það, gekk hann um meðfram bifreiðinni og tengivagni, sem við hana var

festur, en tók svo allt í einu undir sig stökk, sveif yfir girðingu, er liggur meðfram veginum, hélt á harðahlaupum til fjalls og bað öggæslumennina vel að lifa. Þeir sáu svo síðast til ferða hans upp undir klettum í fjallinu þarna fyrir ofan.

Með kærða var einn farþegi í bifreiðinni, Lára Jensdóttir, og hafa verið teknar af henni skýrslur, sem hún hefur staðfest fyrir sakadómi. Hún kom í bifreið kærða í Flókalundi og hefur borið, að kærði hafi á leiðinni verið að súpa á kókflösku, en ekki vissi hún um innihaldið. Hún kveðst ekki hafa séð önnur ölvunarmerki á kærða, nema hvað augu hans hafi verið rauð og sokkin eins og hjá fólki, sem verið hefur á kenndiríi. Þá hefur hún staðfest að hafa heyrt kærða biðja Pétur Sveinsson lögreglu mann um að sleppa sér.

Kærði kom fyrir sakadóm þann 1. ágúst sl., og var þá tekin af honum skýrsla. Hann neitaði að hafa neytt áfengis við akstur B 677 að kvöldi þann 30. júlí sl. eða að hafa verið undir áhrifum áfengis í greint sinn. Kvaðst hins vegar hafa drukkið maltöl, áður en lögreglan stöðvaði hann. Hann kvaðst hafa ekið frá Reykjavík að kvöldi miðvikudagsins 29. júlí sl. og haldið í Búðardal, þar sem hann svaf í nokkra tíma. Að morgni fimmtudagsins hélt hann áfram för sinni og stansaði fyrst í Djúpadal, þar sem hann losaði vörur. Þar næst stansaði hann og losaði í Flókalundi, þá á Brjánslæk og við hvalstöð Flóka h/f, þá hjá útibúi KVB á Krossholti og að lokum í Innri-Múla. Kærði kvað lögreglu hafa stöðvað sig hjá Litlu-Hlíð og hafi hann blásið í öndunarsýni. Síðan hafi sér verið tilkynnt, að hann ætti að koma með til Patreksfjarðar og skilja bifreið sína eftir. Ekki kvaðst hann hafa fengið nánari skýringu á þessu, og ekki var hann þarna á staðnum sakaður um ölvunarakstur. Þá neitaði hann alfarið að hafa beðið lögreglu um að sleppa sér. Aðspurður um flóttu sinn frá lögreglu þá kvað kærði lögregluna ofsækja sig, og kvaðst hann hafa óttast að fá ekki réttilega meðferð, ef hann hefði komið með henni til Patreksfjarðar, og því kosið heldur að flýja til fjalls. Þá kvaðst kærði vera haldinn innilokunarkennd og hafi hann óttast að verða settur inn, enda hefði Pétur Sveinsson lögreglumaður gefið slíkt í skyn.

Kærði gaf upp nöfn þeirra, er hann hafði hitt á för sinni um Barðaströnd umrætt kvöld, og hafa verið teknar skýrslur af þeim flestum. Ber öllum þessum vitnum, nema tveimur, saman um að hafa engin ölvunareinkenni séð á kærða né heldur séð hann neyta áfengis eða meðhöndla flöskur.

Vitnið Snæbjörn Kristjánsson gaf skýrslu hjá lögreglu þann 31. júlí sl. og kvaðst kvöldið áður hafa hitt kærða við hvalstöðina á Brjánslæk og rætt þar við hann. Kvaðst það hafa fundið nokkuð sterkan áfengisþef leggja frá vitum kærða, en ekki veitt útlimi hana eftirtekt að öðru leyti.

Vitnið Sigurlaug Sigurðardóttir kvaðst hafa hitt kærða, þegar hann losaði vörur hjá útibúi KVB á Krossholti að kvöldi þann 30. júlí sl. Vitnið kvaðst einu sinni hafa fundið áfengislykt leggja frá kærða, en kvaðst ekki gera sér grein fyrir, hvort hún stafaði frá vitum hans eða öðru. Önnur ölvunarmerki sá vitnið ekki, og kærði kom því ekki fyrir sjónir sem ölvaður.

Svo sem nú hefur verið rakið, þá verður að telja allnokkrar líkur fram komnar fyrir því, að kærði hafi að kvöldi þann 30. júlí sl. gerst sekur um áfengis- og umferðarlagabrot við akstur bifreiðarinnar B 677. Þykja því ekki vera efni til að fella niður bráðabirgðaökuleyfisviptinguna frá 1. ágúst sl.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun sýslumanns Barðastrandarsýslu um, að Ásgeir Einarsson skuli sviptur ökuleyfi til bráðabirgða frá og með 1. ágúst 1981 að telja.

Miðvikudaginn 16. september 1981.

Nr. 188/1981. **Ákærvaldið**
 gegn
Birgi Kristjánssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramennir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. september 1981, sem barst Hæstarétti 14. s. m.